

Nd.

417. Frumvarp til laga

um launa- og kaupgjaldsgreiðslur.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Frá byrjun næsta mánaðar eftir gildistöku laga þessara skulu laun eða kaup fyrir hvaða starf sem vera skal eða annað, sem dýrtíðaruppbót hefur verið greidd af, reiknað með aðeins 90% af gildandi framfærsluvísitölu.

2. gr.

Engum er heimilt að hækka grunnkaup, á meðan lög þessi eru í gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er flestum hugsandi mönnum ljóst, að kaupgjaldsboginn er nú þegar spenntur of hátt. Verður því ekki hjá því komizt að gera ráðstafanir atvinnuvegunum til bjargar, áður en það er um seinan.

Lagafrumvarp þetta er mjög í samræmi við frumvarp til laga um breyting á lögum um dýrtíðarráðstafanir, sem meiri hluti fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis flytur. Þar er lagt til, að bændur falli frá allt að 10% hækkun á afurðaverði. Búnaðarþing samþykkti nýlega tillögur í þá átt. Var það gert í trausti þess, að launastéttirnar kæmu af físum vilja á eftir. Enn hefur ekki sézt móta fyrir því, að launastéttirnar vilji taka framréttir hönd bændanna með þeim skilningi. En þar sem tilslökun frá hendi bændu nægir ekki ein út af fyrir sig til þess að vinna bug á dýrtíðinni, verður ekki hjá því komizt að setja lög um það, er að launastéttunum snýr. Á þann hátt leggja bændur og launþegar svipaðan skerf fram til þess að koma fjármálum og atvinnulífi þjóðarinnar á heilbrigðan og öruggan grundvöll. Hlutur bændu verður þó heldur verri en launastéttanna, þar sem þeir afsala sér 9,4% af verði framleiðslunnar, en launþegum er ætlað að hafa grunnkaupið óbreytt, og tilslökun þeirra nær því aðeins til verðlagsvísitölunnar.

Búast má við, að skoðanir manna muni verða nokkuð skiptar um þetta frumvarp, þótt augljóst sé, að brýn nauðsyn sé á því að lækka framleiðslukostnaðinn hæði til sjós og lands.

Evrópustyrjöldin er sennilega brátt á enda. Englendingar fara sjálfir að gera út skip til fiskveiða í stórum stíl. Er því eðlilegt að ganga út frá verðfalli á útflutningsafurðunum og það ef til vill mjög bráðlega. Það liggur því ljóst fyrir, að takist ekki að draga úr tilkostnaði á útflutningsframleiðslunni, þá verða atvinnuvegirnir ekki samkeppnisfærir á erlendum markaði og hætta því starfsemi sinni. Það er skylt að koma í veg fyrir stöðvun á atvinnulífinu. Slíkt leiðir hrun og böll yfir landsmenn alla.

Hver er svo skammsýnn að vilja engu offra um stundarsakir, til þess að þjóðin geti haldið áfram að lifa menningarlífi og verið sjálfstæð þjóð? Hver vill loka augunum fyrir þeirri hættu, sem fram undan er, ef ekkert er að gert, og leiða atvinnuleysi, fátækt og vesaldóm yfir fólk, sem hefur ótal möguleika til að lifa góðu lífi?

Stéttirnar og flokkarnir verða að hætta togstreitunni, þegar velferð alþjóðar er í veði. Allir verða að leggja sinn skerf fram og bjarga þeim verðmætum, sem eru í hættu. Verði frumvarp þetta samþykkt, sýna hinir pólitísku flokkar, að þeir eru á verði um hagsmunamál þjóðarinnar í nútíð og framtíð.